

# Handbók um virðisaukaskatt

Ríkisskattstjóri hefur nýverið gefið út ritið **Handbók um virðisaukaskatt**. Ritið þjónar þeim tilgangi að skýra og auðvelda framkvæmd virðisaukaskatts fyrir gjaldendum jafnt sem skattstjórum og öðrum sem að framkvæmdinni koma.

Ritið geymir samantekt og túlkun ríkisskattstjóra á gildandi virðisaukaskattsrétti. Horft er til laga og reglugerða, úrskurða og dóma, ákvarðandi álita embættis ríkisskattstjóra o.fl. Ritið er því samantekt allra helstu reglna sem gilda um framkvæmd virðisaukaskatts og er sem slíkt afar handhægt uppsláttarrit þegar leitað er upplýsinga og/eða svara í álitamálum varðandi virðisaukaskatt.

Það skal tekið fram að útgáfa **Handbókar um virðisaukaskatt** kemur ekki í staðinn fyrir útgáfu ritsins **Virðisaukaskattur og fleiri óbeinir skattar** (Lagasamfellu óbeinna skatta) þar sem m.a. er að finna gildandi lög og reglugerðir um virðisaukaskatt. Hún var síðast gefin út í september 1997.

Dreifingu og sölu bókana annast Ríkiskaup og eru þær jafnframt til sölu í nokkrum bókaverslunum.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, í síma 530-1400 og hjá virðisaukaskattsskrifstofu Ríkisskattstjóra í síma 563-1112.



VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA